

DALSKÓLI 2012-2013

SKÝRSLA TIL ÞRÓUNARSJÓÐS SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐS



LÆSI Í DALNUM

Inngangur	3
Markmið verkefnisins LÆSI Í DALNUM.....	3
Aðalnámskrá og grunnþátturinn LÆSI.....	4
Lestrarstefna Dalskóla	5
Úr lögum og reglugerðum	5
Það er leikur að lesa	6
Læsi, lesskilningur og samskipti.....	7
Framvinda verksins – útlínur verkáætlunar	8
Smiðjur í Dalskóla	9
Undirbúningur	10
Foreldravíddin	10
Kveikjur	10
Sameiginleg verkefni	11
Samvinna út fyrir skólann.....	11
Dverga- og Huldudalur (2ja og 3ja ára börn).....	11
Trölladalur og Álfabjörg (4ra og 5 ára börn).....	12
1. og 2. bekkur	12
3. og 4. bekkur	14
4. og 6. bekkur	15
Hvað bar út af og hvað hefði betur getað gengið?.....	15
Samantekt og niðurstaða	17
Rekstrarreikningur.....	19

Villa! Bókamerki ekki skilgreint.

Inngangur

Í nýjum samreignum skóla sem leggur mikið kapp á að sýn skólans og starfshættir flæði milli skólastiga og að starfsmenn fái tækifæri til þess að vinna saman er mikilvægt að gefa sér tíma og ásetning til þess að þróa þessa starfshætti á markvissan hátt. Þetta eru einnig starfshættir sem stuðla að því að börnin taki þátt í verkefnum þannig að börnunum finnst þau tilheyra stórum hópi Dalskólabarna og eigi vini sem eru bæði eldri og yngri börn.

Árið 2011 ákvað Dalskóli í samræmi við nýútkomna aðalnámskrá og vitandi það að Reykjavíkurborg hefði fengið þann heiður að vera bókmenntaborg til nokkurra ára að helga starfsveturinn 2012 – 2013 lestri, læsi, lestrarvenjum og lesskilningi.

Það var ákveðið að vinna að stefnumótun heildstæðrar lestrarstefnu, greina lestur og læsi í skólanum þ.e. stöðuna eins og hún var. Það var einnig ákveðið að helga eina smiðju vetrarins lestrinum. Sú smiðja fékk heitið LÆSI Í DALNUM og var ákveðið að leggja sérstaklega mikið í hana og nýta afraksturinn sem upphafsskref í lestrarstefnu skólans. Smiður í Dalskóla er það kallað þegar við vinnum þverfaglegt þemabundið nám í ýmsum námsgreinum og færniþáttum. Hvert smiðjutímabil er sex vikur og lýkur með smiðjulokum sem er hið eiginlega námsmat í smiðjum með aðkomu foreldra.

Við rekum grunnskóla-, leikskóla- og frístundastarf og töldum strax frá upphafi að sá ásetningur okkar að hrinda af stað heildstæðri lestrar- og læsisvinnu á mjög breiðum grunni með öllu starfsfólki skólans og með aðkomu foreldra og listamanna þyrfti fjárstuðnings við. Það háir þróunarstarfi í skólanum að óhægt er um vik að vinna hópavinnu allra þessara menningarheilda. Hópastarf starfsmanna þarf því stundum að fara fram utan skólatíma og aðkeypt vinna fræði- og listamanna er ekki hluti af föstum fjárframlögum skólans.

Með þetta að leiðarljósi og vissuna um mikilvægt gildi verkefnisins fyrir framtíðarskólastarf í Dalskóla var ákveðið að sækja um fjárstyrk til Þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur sem var hlýntur verkefninu og veitti Dalskóla 800.000.- styrk til verkefnisins sem skólinn þakkar af heilum hug.

Í þessari greinargerð verður skýrt frá vinnu vetrarins vegna lestrarstefnunnar en megin þungi greinargerðarinnar segir frá því skemmtilega verkefni sem smiðjan okkar LÆSI Í DALNUM var. Það er gert einkum í þeim tilgangi að aðrir hafi gagn af. Til gamans má geta þess að LÆSI Í DALNUM var sérstaklega kynnt á stóra leikskóladeginum og við fórum einnig til Akureyrar á skólaráðstefnu Háskólans á Akureyri og héldum tvær kynningar um starfshætti skólans og hluti þeirra kynninga var smiðjuvinnan okkar.

Markmið verkefnisins LÆSI Í DALNUM

Við settum okkur eftirfarandi markmið:

- Að þjálfra og auka áhuga nemenda okkar og starfsfólks á læsi, vött og breytt.
- Að fá inn starfandi rithöfunda og listamenn til að kveikja áhuga okkar og setja svip sinn á skólamenningu Dalskóla.
- Að skrásetja ljóð, þulur og sögur nemenda og búa til bók fyrir hvert barn.
- Að gefa út sameiginlega bók/blað allra nemenda Dalskóla. (ljóð, teiknimyndir, þulur, smásögur og aðrar skráningar).

- Að leita eftir og þróa náíð samstarf við lista- og menningastofnanir í grenndarsamfélaginu s.s.ýmis listasöfn og Borgarbókasafn Reykjavíkur.
- Að nemendur foreldrar og kennarar vinni með PALS (þör að lesa saman).
- Að tengja hugtakið læsi, einn af grunnþáttum menntunar skv. nýrri aðalnámskrá við allar námsgreinar og námsþætti.
- Að fylgjast með, taka þátt í og fylgja eftir lestrarhvetjandi verkefnum sem unnin eru á vegum Reykjavíkurborgar sem hluti af þeirri staðreynd að Reykjavík er bókmenntaborg UNESCO.
- Að vinna með læsi og íslensku markvisst í samsöng, tónlist og leiklist.
- Að þróa bókasafnsnotkun í menningu Dalskóla.

Aðalnámskrá og grunnþátturinn LÆSI

Grunnþættir í menntun skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum leik- grunn- og framhaldsskóla. Einn þessara grunnþátta er LÆSI. Læsi er mjög vítt hugtak og tekur bæði til merkingarsköpunar, lestrarkunnáttu og samskipta. Ef læsi væri fyrst og fremst merkingarsköpun gæti maður þá verið án lestrarkunnáttunnar (að breyta bókstöfum í orð og setningar)? Eða ef læsi væri fyrst og fremst lestur er maður þá læs ef maður getur ekki gert lesturinn merkingarbæran? Ef lestur og merkingarsköpun hefur ekki samskiptatilgang í mannanna félagsheimi til hvers þá af stað farið?

Ljóst er að lesandi sem vill gera textann merkingarbæran þarf alltaf að nálgast hann með alla sína lífsreynslu í farteskinu og þegar við erum að hugsa um lesanda sem er tveggja ára að þá er barnið að „líma allt á spjöld í minni“ (Þórarinn Eldjárn) og máta við fyrri þekkingu til þess að ný reynsla öðlist merkingu. Í tilviki tveggja ára barns er bókin sem barnið er að lesa allt umhverfið auk táknmáls umhverfisins. Í tilviki tólf ára barns er merkingarsköpun umhverfið auk myndmáls og lesmáls.

Reyndir kennarar og frístundastarfsmenn á öllum skólastigum hafa haft orð á því að íslenskunámið snúist mjög mikið um samskipti í víðum skilningi. Hvernig notum við íslenskuna, þekkinguna og reynsluna? Halldór Laxness segir að læsi hafi verið ÍSLENDINGUM LÍFIÐ SJÁLFT. Hún er því ekki úr lausu lofti gripin sú mikla áhersla sem lögð er á LÆSIÐ í nýrri aðalnámskrá.

Í 6. Kafla læsisrits aðalnámskrár segir: „Skólastjórnendur og kennarar þurfa að koma sér saman um læsisstefnu, setja sér skýr markmið og samræma aðgerðir, þ.e. ákveða hvaða þættir þurfi að fara á undan öðrum og huga að því hvaða ráð dugi best gagnvart tilteknum einstaklingum“ (bls.34 í LÆSI, ritröð um grunnþætti menntunar)

Markviss málörvun og markviss kennsla í máltöku, málþjálfun, lestri og lesskilningi er undirstaða velgengni í LÆSINU en árangurinn verður enn meiri ef aðbúnaður, aðstaða og skipulagið í skólanum nær að skapa traustan grunn fyrir umbætur og þróun og festa slíka starfshætti í sessi. Ef ekki tekst að skapa skólamenningu sem einkennist af þróun, umbótum og lærdómsásýnd (lærdómsmenning) er hættu á að þróunarstarf verði skyndiáhlaup einstakra kennara og fálmskólastjórna og gagnast því ekki nemendahópnum sem heild og þá til lengri tíma.

Blómleg skólamenning á að skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir nám í málörvun, lestri og ritun og meiri líkur á að nemendum fari fram, að öllum nemendum fari fram.

Ekki er unnt að stytta sér leið í umbótastarfi, það er flókið og tímafrekt. Strax þegar Dalskóli var settur á stofn haustið 2010 var LÆSI valinn einn af hornsteinum skólans og í þróunaráætlun skólans var gerð verkáætlun í þeim tilgangi að þróa góða lestrar- og læsishætti í skólanum.

LÆSIÐ og lestrarnámið var því valið sem aðalþróunarverkefni Dalskóla haustið 2012-2013 og er því þróunarverkefni hvergi nærri lokið, eðli málsins samkvæmt.

Lestrarstefna Dalskóla

Í skólanámskrá Dalskóla segir:

Hugtakið læsi (literacy) er komið úr latínu og merkir táknetning með bókstöfum. Merking þess er víðtæk, en það vísar allt í senn til lesturs, ritunar og lesskilnings. Í Dalskóla er unnið markvisst að undirbúningi lesturs frá upphafi leikskólagöngunnar bæði með formlegri þjálfun og í gegnum leikinn. Það er gert með markvissri málörvun, hljóðgreiningu, notkun táknumynda, orðmynda og bókstafa, þulum, söng, kortavinnu, tjáningu og auðugri notkun tungumálsins. Það að vera læs felst í því að einstaklingar geti nýtt sér lestur, lesskilning og ritun í daglegum viðfangsefnum og árangur byggir mikið á auðugri máltöku og ríkulegri notkun á tungumálinu. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Læsi byggir í meginatriðum á eftirfarandi þáttum:

Lestækni er færni sem hver einstaklingur þarf að læra og þjálf og byggir á því að þekkja bókstafina og hljóð þeirra af öryggi til að vera fær um að lesa hratt og fyrirhafnarlaust úr bókstafstáknum ritmálsins.

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum, tilgangi og markmiði.

Ritun og stafsetning er færni sem byggir á öllum þáttum tungumálsins. Að grunni til reynir stafsetning mjög á hljóðkerfisþáttinn, einkum færni við að sundurgreina hljóð orðanna til að vera fær um að kortleggja þau með réttum bókstöfum.

Merkingarsköpun er þegar upplifandinn/lesandinn/áhorfandinn leggur það sem hann er að upplifa og reyna við alla sína fyrri reynslu og upplifunin fær merkingu og ný reynsla eða þekking verður til.

Samskipti er um það hvernig við meðhöndlum efniviðinn, reynsluna, merkinguna eða þekkinguna. Samskipti á ekki aðeins við samskipti fólks heldur einnig um margs konar miðlun og tjáningu.

Lestrarstefna Dalskóla byggir á drögum að Lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkur 2011, nýrri aðalnámskrá leik- og grunnskóla ásamt Starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2013.

Úr lögum og reglugerðum

Börn læra í leik og daglegu starfi á leikskólaaldri, innan sem utandyra. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í grunnskóla þarf að skapa skilyrði fyrir nemendur svo að þeir fái notið bernsku sinnar og efli með sér sjálfstraust og félagsfærni, virki sköpunarkraft sinn og rækti skilning á manngildi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Í frístundastarfi er haft það leiðarljós að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum gegnum leik og starf svo og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu (Eitthvað fyrir þig – bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf í Reykjavík)

Leikskólastarf byggir á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu starfs með börnum á leikskólaaldri skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. Náms svið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) Náms svið leikskóla samkvæmt Aðalnámskrá eru : Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Náms svið leikskóla eru sambærileg við námsgreinar í grunnskóla en eru mun víðari og taka til alhliða uppeldis og menntunar.

Grunnskólastarf byggir á lögum um grunnskóla þar sem lögð er áhersla á formlegt nám. Hlutverk hans er, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.....Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Frístundastarf byggir m.a. á borgarráðssamþykkt frá 4. mars 2010 þar sem frístundaheimilin eigi að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.

Það er leikur að lesa

Við gerð fyrstu lestrarstefnu Dalskóla var hugtakið læsi þrengt og það hugsað út frá lestri, lestrarnámi og undirbúningi þess. Sú stefna felur í sér alhliða vinnu með tungumálið, tákni, skilninginn og lesturinn á víðum grunni allt frá tveggja ára aldri. Í lestrarstefnunni er því minna tekið til umhverfislæsis, tilfinningalæsis, talnalæsis og fleiri þátta sem rúmast í víðri skilgreiningu og eru alls ekki útilokaðir í vinnunni en eru ekki tilteknir sem hluti markmiðasetningar í lestrarstefnunni.

Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera fjölbreytt og markviss. Nauðsynlegt er að vekja áhuga nemenda á lestri á öllum skólastigum og að lestrarkennsla og lestrarþjálfun haldi áfram alla skólagönguna. Ritun gegnir sífellt stærra hlutverki í daglegu lífi fólks með tilkomu ýmissa samskiptamiðla og því mikilvægt að efla lestur og ritun á öllum aldurstigum. Málörvun og hugtakavinna, lestur og ritun á öllum stigum þarf að hafa forgang og fá mikið vægi í skólastarfinu.

Allir starfsmenn Dalskóla eru íslenskukennarar og allir starfsmenn þurfa að leggja áherslu á að gera börnin læs á sitt námssvið, sína námsgrein og nota aðferðir til að auka orðaforða, málskilning og lesskilning nemenda og barna á öllum aldri.

Með því að lesa fyrir börn á leikskólaaldri daglega og að nemendur á grunnskólaaldri lesi eða hlusti á bókmenntir fá þau aukinn skilning á nærumhverfi sínu og fá innsýn í aðra menningarheima.

Læsi, lesskilningur og samskipti.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmskonar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Markmið í starfi með börnum á leikskólaaldri í Dalskóla er að efla málþroska, auka orðaforða. Efla ber hlustun og tjáningu barnanna, frásögn, sögugerð, þekkingu á bókstöfum og áhuga á ritmáli – og hugtakaskilning og þjálfá grunntækni læsis. Í Dalskóla er lesið daglega og sögur sagðar í samræmi við þroska og áhuga barna á hverju aldurskeiði. Notaðar eru loðtöflur, kubbar, myndir á spjöldum, dýr. Börnin koma saman í litlum hópum þar sem unnið er markvisst með málörvun, rím, þulur, söngva, sögur og framsögn. Börnunum gefst kostur á að ná sér í bækur, ritmálið er haft sýnilegt og mál og texti er sjáanlegur auk mynda úr daglegur starfi. Farið er í útikennslu þar sem notaðir eru pokar með ýmsu kennsluefni svo sem litaspjöldum, gróðurvísi, formum í náttúrunni og fl. Í vettvangsferðum gefst börnunum tækifæri til þess að tjá sig og ölast leikni í að lesa í umhverfið.

Börn hefja grunnskólagöngu sína talandi á móðurmáli sínu, hvort sem er að ræða íslensku, táknmál eða annað tungumál. Strax á leikskólastiginu þarf skólinn að verða virkur þátttakandi í máluppeldi barnsins ásamt heimili þess. Á grunnskólastigi er mikilvægt að þjálfá góða lestrarfærni því hún er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

Markmið í starfi með nemendum á grunnskólaaldri er áfram að efla málþroska og auka orðafora, þjálfá virka hlustun, tjáningu, frásögn og sögugerð. Með markvissri lestrar- og ritunarkennslu er lögð rækt við leið nemandans til sjálfstæðis svo hann geti valið sér fjölbreytt lesefni og margskonar texta í tengslum við nám, þörf og áhuga.

Í frístundastarfi er lögð áhersla á að vinna með bókmenntaarfinn, lesefni, tjáningu og framsetningu efnis á fjölbreyttan máta. Þar gefa börnin út skólablöð, sækja bókasöfn, hafa gott aðgengi að bókum, vinna með hugarkort til að setja fram verkefni og fleiri verkefni sem stuðla að læsi og góðum lestrarvenjum.

Sjá nánar um markmið, hæfniviðmið, kennsluaðferðir og mat sett niður eftir aldri á heimasíðu Dalskóla www.dalskoli.is undir krækjunni lestrarstefna Dalskóla.

Framvinda verksins – útlínur verkáætlunar

September 2012

- Lestur kennara á grunnþáttum mentunar
- Stórfundur í Dalskóla. Foreldrar og allir starfsmenn. Fyrirlestur á vegum Sigurjóns Mýrdals og í framhaldi greining á starfi skólans út frá grunnþáttum aðalnámskrár í þjóðfundarstíl.
- Undibúningsfundir meðal starfsmanna vegna smiðjunnar LÆSI Í DALNUM – *bókaormar og læsisæti*.
- Kennarar leggja niður áherslur vetrarins og markmið vegna læsis og lestrar. Hvaða verkefni á að vinna allan veturinn, hvaða verkefni verða átaksverkefni, hvaða kennsluhættir eru ástundaðir og hvernig er unnið með foreldrum, hvaða endurmenntuna þarf að koma til og hvaða læsismenning á að ríkja?
- Kennarar og starfsfólk funda um framgang smiðjunnar. Hvaða listamenn viljum við fá í heimsókn? Hvernig viljum við nýta þá sem best miðað við þroska og aldur barnanna? Hvernig höldum við utan um skráningu og verkefnavinnu barnanna? Hvernig aldursskiptum við börnunum, hópastærð og skiptingu starfsfólks á hópa?

Október til nóvember 2012

- Smiðjuvinna hefst og stendur í sex kennsluvikur.
- Nemendur Dalskóla vinna í sex vikur með viðfangsefnið í að lágmarki sex kennslustundir á viku, þ.e. sá tími sem ætlaður er í smiðjustarf og er skráð á skólastundatöflu allra barna Dalskóla.
- Unnið var ítarlega með læsi á frjóan, lærdómsríkan og skemmtilegan hátt og hugtakið læsi skoðað út frá fjölbreyttum og ólíkum áttum.
- Gestir koma í heimsókn.
- Farið var í vettvangsheimsóknir

6. desember 2012 smiðjulok

- Í lok smiðju eru foreldrar og aðstandendur kallaðir til þar sem börnin sýna og flytja þær niðurstöður sem fyrir liggja. Stóra BÓKIN sem geymir allar skráningar smiðjunnar er til sýnis. Smærri nemendabækur eru lagðar fram. Nemendur koma á viðs og sýna leikþætti og söngva.

Desember 2012

- Vinna við frágang bókar og tölvutæk skráning gerð aðgengileg.

Janúar til júní 2013

- Lestrarsprettir barna á grunnskólaaldri. Pals þjálfun í 2.- 6.bekk. Endurmenntun starfsfólks (Pals þjálfun leikskólakennara og 1. bekkjarkennara), skólaheimsóknir (tveir Byrjendalæsissskólar og nokkrir leikskólar). Áhersla á tæknilæsi í smiðjunni ÓRAVÍDDIR HIMINGEYMSINS. Börn á öllum aldri læra að vinna með málið í gegn um fjölbreytta miðla.

- Haldið áfram að vinna með lestarstefnu Dalskóla. Kvöldfundir með völdum grunn- og leikskólakennurum ásamt stjórnendum. Markmið fundanna var að vinna við að endurmeta öll lestrar- og íslenskumarkmið út frá hæfniviðmiðum og lykilhæfni.

Niðurstöður smiðjunnar LÆSI Í DALNUM og reynsla starfsfólks af henni var hvati inn í vormánuðina og sú fjölbreytta nálgun á lestrarverkefnum og reynslumiðaðri læsisvinnu er líklegri að festa rætur í skólastrfinu vegna smiðjunnar. Við munum endurtaka læsissemiðju að ári en nú meira út frá ljóðinu í samhljómi við áherslur bókmenntaborgarinnar.

Smiðjur í Dalskóla

Í Dalskóla er mikil áhersla lögð á öflugt, frjótt og lifandi skólastarf. Sköpunarkraftur og hugmyndaauðgi nemenda er virkjað. Nemendur fá þjálfun til þess að takast á við ýmis verkefni þar sem reynir á hæfni til þess að leysa vandamál og nota skapandi og gagnrýna hugsun. (Starfsáætlun Dalskóla)

Eins og fram kemur í starfsáætlun Dalskóla leggjum við mikla áherslu á að nemendur séu virkir og að kennsluhættir séu fjölbreyttir. Til þess að ná þeim árangri höfum við valið þá leið að stór hluti starfs okkar byggji á smiðjum.

Við köllum það smiðjur þegar við vinnum yfir ákveðið tímabil með eitt þematengt yfirheiti og leggjum markmið aðalnámskrár leik- og grunnskóla til grundvallar.

Við kennum samfélagsgreinar á þennan hátt en inn í vinnuna blandast allar námsgreinar. Þegar við vinnum í smiðjum eru hefðbundnir námshópar stokkaðir upp, auk þess sem kennarar vinna með aðra námshópa en alla jafna. Þannig verða hópaskiptingar kennara og nemenda sveigjanlegar í skólanum. Nemendur fá tækifæri til þess að njóta handleiðslu fleiri fagmanna, nemendur starfa með börnum sem bæði geta verið eldri eða yngri en þau. Með þessu móti er verið að þróa þá vitund meðal starfsmanna að allir eigi öll börnin og að það þurfi þorp til þess að ala upp og mennta barn. Nemendur verða mun státnari en ella því þau mæta fjölbreyttari áskorunum. Nemendur og starfsmenn mæta með þessum hætti viðfangsefnum sínum forvitnari, fordómalausari og meira rannsakandi augum en í hefðbundnu umhverfi.

Í smiðjuvinnu er söguaðferðin, útikennsla, aðferðir list- og verkgreina þær aðferðir sem eru lagðar til grundvallar auk þess sem kennt er í gegnum leik. (Starfsáætlun Dalskóla)

Smiðjumarkmið Dalskóla:

- að nemendur og starfsfólk Dalskóla séu virkir þátttakendur í skapandi smiðjustarfi.
- að hver og einn hafi hlutverk og áhrif á ferlið og niðurstöður í fjölbreytilegu starfi smiðjunnar.
- að sýnileg niðurstaða smiðjunnar beri vott um þann árangur sem unnist hefur og verði okkur öllum til sóma og framdráttar

Önnur smiðja starfsársins 2012-2013 var helguð þróunarverkefninu LÆSI Í DALNUM og hafði það markmið að máta lestrarverkefni af ýmsum toga við smiðjuformið. Með þessari vinnu ætlaði skólinn að eignast hugmyndabanka af góðum verkefnum sem mætti keyra með reglulegu millibili í mismunandi árgöngum í tengslum við lestrarnám á víðum grunni.

Undirbúningur

Þegar nær dró smiðjunni LÆSI Í DALNUM gekk undirbúningsvinnan út á að

- greina markmið námskrár í íslensku og velja nokkur markmið til að leggja grunnáherslu á í einstökum aldurshópum
- skipta börnum og starfsmönnum upp í hópa
- skipuleggja aðkomu rithöfunda og skipuleggja ferðir út fyrir vegg skólans
- huga að kveikjum
- sjá smiðjulok fyrir
- skilgreina þær leiðir sem hver námshópur átti að fara

Foreldravíddin

Nokkrir þættir smiðjunnar tengdust heimilum

- öll skólastig (2ja -11 ára) fengu vikulega tvo mismunandi texta heim sem foreldrar áttu að lesa með börnunum. Þau áttu ekki að lesa sjálf þó þau gætu það. Síðan svöruðu foreldrar og börn spurningum í tengslum við textann sem gekk helst út á spyrja hvað það væri helst í textanum sem vakti áhuga þeirra, hvort þessi texti hefði orðið til þess að samræður ættu sér stað um textann osfrv. Þetta voru viðtöl úr blóðum, tæknitextar, ljóðatextar, textar um náttúruna osfrv.
- málörvunarverkefni var sent heim fyrir börn á leikskólaldri
- daglegur heimallestur skráður
- bókakopar heim með yngstu börnum – það er verkefni sem oft er í gangi
- húslestrar – börn í frístundastarfi æfðu sig tvö og tvö að lesa tiltekinn texta og gengu svo í þau hús sem höfðu hengt lestrarmerki á útidyrnar og þáðu húslestur
- heimsókn á smiðjulok og samtal við barnið sitt um námið og upplifun læsis smiðjunnar
- bókakoffort Borgarbókasafnsins

Kveikjur

Í upphaf smiðjunnar söfnuðust öll börn á grunnskólaaldri á sal. Þar mátti sjá dularfullan stól, kertaljós, bækur og skrýtna hluti. Allt í einu kom sagnaþulur, fékk sér sæti og fór að segja gamla sögu úr Úlfarsárdalnum. Þetta var sagan af Pétri sem var sendur út í óveðri að leita föður síns sem hafði ekki skilað sér heim úr eftirleitu. Í kjölfarið var börnunum skipt og fóru kveikjur að frekari verkefnum fram í hópum eftirleiðis.

Börnin á leikskólaaldri söfnuðust í Hljóðabjörg og sungu saman.

Sameiginleg verkefni


- Öll börn á leikskólaaldri tóku þátt í að búa til stórt samstæðuspil með myndum af sjálfum sér. Markmiðið var að vinna með málörvun og minni, einbeitingu og úthald.
- Öll börn á leikskólaaldri gerðu bók sem geymdi verkefni sem þau höfðu unnið auk skráningar. Bókin varð jólagjöf barnanna til foreldra sinna og var einkar vel heppnuð.
- Öll börn í frístund gerðu myndabækur úr endurunnum pappír.
- Börn á grunnskólaaldri lásu sögur fyrir börn á leikskólaaldri.
- Öll börn á leikskólaaldri útbjuggu sögubækur með eigin myndskreyttu sögum.

Samvinna út fyrir skólann og heimsóknir í skólann

Dalskóli leggur áherslu á að tengja smiðjuvinnu ýmist menningar-, lista-, eða vísindastöðum og lista- og vísindamönnum. Einnig leggur skólinn áherslu á að tengja starf skólans atvinnulífinu.

Í smiðjunni LÆSI Í DALNUM nutum við samstarfs:

- Kristínar Helgu Gunnarsdóttur, rithöfundar
- Prentsmiðjunnar Odda
- heimila í hverfinu
- Borgarbókasafns Reykjavíkur
- 3. og 4. bekkur flutti söng á afhendingu íslenskuverðlauna Jónasar Hallgrímssonar í Hörpu.
- Svavar Knútur og Aðalsteinn Ásberg komu og fluttu dagskrá um Stein Steinarr
- börn á leikskólaaldri og í 1. bekk fóru á dagskrá í Gerðubergi: Dans vil ég heyra
- 3. og 4. bekkur fóru á norræna leiksýningu í Norræna húsinu
- Ásrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður kom og fjallaði um bókarskreytingar í 3. og 4. Bekk
- Bókakoffort Borgarbókasafnsins voru í notkun



Dverga- og Huldudalur (2ja og 3ja ára börn)

Börnin á Dverga- og Huldudal tóku þátt í mörgum góðum læsisverkefnum

- Öll börn unnu með bókstafinn sinn, lærðu hvernig hann lítur út, hvað hann heitir og hvað hann segir
- þau sungu dýragarðalagið en það er lag þar sem bókstafir tengjast dýraheitum
- allir bókstafir voru á veggjum og tengdir ýmsum myndum
- starfir voru búnir til úr garni, tölum og ýmsum efni
- stafaminnispil voru spiluð
- lesið var daglega fyrir börnin og vandaðar bækur lesnar

ítrekað, orð útskýrð á hlutbundin hátt og fylgst með að ný orð „detti“ inn í orðaforða barnanna

- Hlutverkaleikir með stöfum. Jafnvel varð stafurinn M mamman og P pabbin
- Unnið var með grunnlitina og skynjun barnanna örvuð
- Börnin fóru á bókasafn Dalskóla og fengu að skoða og handfjatla bækur og svo var saga lesin áður en haldið var inn á deild
- Sungið er daglega allan ársins hring. Í læsissemiðjunni var helst verið að syngja auk dýragarðslagsins: Stökur eftir Jónas Hallgrímsson, Þitt fyrsta bros eftir Ólaf Hauk Símonarson, Frost er úti fuglinn minn. Lesin voru ljóð eftir Þórarinn Eldjárn. Bokki sat í brunni var kennt á táknmáli, Sungið var Lítið lasið skrímsli

Trölladalur og Álfabjörg (4ra og 5 ára börn)

Börnin á þessum aldri unnu ýmist aldursblandað eða ekki.



- Börnin bjuggu til spil sem þjálfaði líkamsorðaforða og stefnumiðaðan orðaforða. Þetta voru orð eins og að standa á öðrum fæti, standa upp á stól, undir, yfir, úlnliður osfrv
- Unnið var með frásögn sem tengd var orðmyndum og hugtökum. Unnið var með orðin og þau hljóðgreind og varpað var ljósi á þýðingu orðanna. Dæmi um þetta er vasaklútur – vasi – klútur – hvar geymdur – til hvers notaður.
- Unnið var með tiltekin dýr og heiti á dýrinu. Dæmi um þetta er hrafninn – auga, goggur, vængur, stél, fjaðrir, fætur, bringa, laupur
- Unnið var með sögurnar *Fóu Fóu feykirófu* og söguna *Hver er að banka ?* og þær settar á svið. Markmiðið var að þjálfja tjáningu, efla sjálfstraust og glæða sögurnar lífi. Nemendur útbjuggu búninga og sýndu leikritin á smiðjulokum

- Börnin voru þjálfuð í sögugerð og tjáningu með Sögugrunninum

1. og 2. bekkur

Fyrsti og annar bekkur unnu allan tímann með óútkomna sögu Kristínar Helgu Gunnarsdóttur Grímsævintýri. Kristín Helga hafði orðið fyrir því óláni að þjófar höfðu rænt handritinu að bókinni hennar og hafði hún skrifað börnunum bréf og beðið þau um að hjálpa sér svo bókin kæmist út fyrir jólin. Þetta leiddi í mikinn leiðangur með skrítnum vísbendingum. Leikurinn barst um allan Úlfarsárdal þar til risastórt koffort fannst undir brúnni í Dalnum. Með því að spenna upp koffortið fannst handritið brennt og illa til leika.



- börnin lásu söguna og unnu verkefni.
- skiluðu handritinu í prentsmiðjuna Odda og kynntust bókaprentun og sáu fyrsta eintakið svo koma sjóðheitt úr prentvélinni
- þann 22. Nóvember kom Kristín Helga með Grím og las síðasta kaflann úr bókinni
- börnin sömdu ljóð og lag um söguna
- söfnuðu málhátum, lærðu þá, léku þá og skráðu þá
- börnin unnu með Grímsævintýrið í myndasögustíl

Ljóðið um Grím:

Grímur úr körfu var keyptur.
Hjá Bestu og Fúla hálfneypur.
Hann elskaði táfylusokka
og líka Bestu – hárlokka.

Á sýningu kúkaði á gólfið
hann hitti þar ekki í hólfið.
Þau gáfu honum slaufuna bláu
en heiðruðu hundana smáu.

Í sveitinni Fúli og Besta
við staur þurftu Grím að festa
þau bundu hann fastan við staurinn
en stelpan hún frelsaði gaurinn

Nú Grímur var frelsinu feginn
og flaug alla leið hinu megin.
Hótelstjórinn varð reiður
við sundlaugarbakkann stóð breiður

Þegar tíu ár voru búin
og Grímur var gamall og lúinn.
Hann lagðist á koddann hjá Bestu
og lá þar af mikilli festu

Við Kristínu Helgu þökkum
söguna handa krökkum.
Við gleymum Grímssögu ekki
þótt færumst við upp um bekki

3. og 4. bekkur

Þriðji og fjórði bekkur vann með söguna um Áslaugu í hörpunni sem byggist á Völsungasögu.

Börnin lærðu um sköpun heimsins frá ýmsum menningarheimum og fengu innsýn í hvernig listamenn nýta gamlar fornar sagnir til listsköpunar. Dæmi var sýnt af Niflungahring Wagners, trénu í Avatar sem líkja má við skilningstréð og Hringadróttinssögu.



- Börnin lási Áslaugu í hörpunni
- Unnu kort í gömlum stíl af Norðurlöndum
- Skrifuðu um valdar persónur í bókinni
- Gerðu fallegar listrænar bókarkápur og skrifuðu texta og sögur í þær
- unnu við ljóðagerð
- lærðu undirstöðuatriðin í myndlæsi
- Ásrún Kristjánsdóttir myndskreytir fjallaði um myndskreytingar en faðir hennar Kristján Friðriksson samdi söguna um Áslaugu í Hörpunni
- börnin lærðu ljóðið og sönginn um Áslaugu í hörpunni og fluttu í Hörpunni á lifandi og skemmtilegan hátt
- Farið á danska leikhópinn Quasi í Norræna húsinu

5. og 6. bekkur

Elstu árgangar skólans unnu með söguna um Benjamín dúfu á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.



- Nemendur lásu Benjamín dúfu
- Söguþráður bókarinnar rannsakaður og kortlagður
- Nemendur stofnuðu félag með markmiðum og reglum
- Málshættir ræddir og leiknir
- Lesið um Baldur hvíta í Gylfaginningu
- Flett upp í orðabókum
- Dagbók skráð í nafni persónu úr sögunni
- Æfingar í uppbyggingu sögu
- Ljóð samið um vináttu
- Bókagerð
- Skjaldamerkjagerð og skildir búnir til
- Rithöfundasmiðja – frumsamdar sögur
- Nemendur gerðu bókagagnrýni um frjálslestrarbækurnar og útbjuggu verkefni sem er leiðbeinandi fyrir þá sem vantar góða bækur að lesa

Frístund

Börnin í frístund gerðu margt skemmtilegt tengt læsissemiðjunni. Geta ber að hluti frístundastarfsmanna Dalskóla vinna að morgni ýmist með nemendum í frístund eða sem stuðningsfulltrúar. Þeir taka jafnframt þátt í smíðju annars vegar á forsendum grunnskólastarfs og hins vegar eftir hádegi á forsendum frístundastarfs. Eftir hádegi settu þeir upp ýmis verkefni sem tengjast Reykjavík bókmenntaborg og LÆSI I DALNUM.

Helstu verkefni voru:

- Húslestur á heimilum – þar sem börnin fóru tvö og tvö í heimsókn þar sem bókamerki var á útidyrum og lásu fyrir heimilisfólk
- komu upp leskrók og bókasafni í frístundaráðminu með sófum og huggulegheitum
- unnu myndabækur úr endurunnum pappír
- gáfu út blað um Dalskóla, tóku viðtöl við nemendur og starfsmenn og skrifuðu um ýmis áhugamál sín
- Heimsóttu Borgarbókasafnið í Árbænum
- Æfðu upplestur fyrir heimsóknir á heimilin



Hvað bar út af og hvað hefði betur getað gengið?

Það var fátt sem bar út af. Helst er að nefna að við náðum ekki nógu góðu flugi með textalesturinn á heimilum og við hefðum viljað komast lengra með lestraráætlunina í kjölfar smiðjunnar.

Erfitt er orðið að skipleggja smiðjulok vegna fjölda foreldra og höfum við þurft að skipta skólanum í tvennt. Í þessari smiðju var skiptingin á milli 5 og 6 ára barna.

Veturinn 2013-2014 er viðbúið að við þurfum að skipta í þrennt.

Þau markmið sem við settum okkur í umsókn um styrk til Þróunarsjóða Skóla- og frístundaráðs náðust öll.

Nú er það áskorun vetrarins 2013-2014 að festa ýmis góð verkefni sem unnin voru í sessi í tilteknum aldurshópum




Samantekt og niðurstaða

Dalskóli er við það að eignast lestrarstefnu sem tekur til almennra markmiða námskráa, séráherslna skólans, tilgreinir kennsluaðferðir og aðföng og gerir grein fyrir hæfnimarkmiðum og mati.

Lestrarstefnan verður birt á haustinu 2013.

Smiðjulok er hið eiginlega smiðjumat. Þá koma foreldrar og sjá afrakstur vinnunnar á sýningum á verkum barnanna og eftir atvikum koma börnin á svið og syngja, leika, dansa og segja frá. Ein af áherslum skólans er þessi sviðsframkoma.



Áður en smiðja fer af stað er foreldrum send heim markmið hvers aldurskeiðs og á hverjum föstudegi senda allir leikskólakennarar, umsjónakennarar og verkefnastjóri í frístund svokallaða föstudagspósta. Þar eru foreldrar upplýstir um framgang smiðjunnar. Þegar að smiðjulokum kemur er lögð áhersla á að virkja foreldra á ýmsan hátt með þátttöku og samræðum.

Allir nemendur frá 4ra ára aldri komu á svið á smiðjulokum LÆSI Í DALNUM. Verkefni, sögur, málshætti og listaverk lágu frammi og voru það stolt börn sem sögðu foreldrum frá upplifun og námi.

Allir nemendur á grunnskólaaldri komu á svið á smiðjulokum. Hluti af lokum þessarar smiðju var að sýna risabókina sem starfsmenn skráðu smiðjuna. Þar getur að líta helstu markmið, leiðir og verkefni. Þessi bók hefur verið kynnt á Stóra leikskóladeginum, auk þess sem myndir af henni voru sýndar á sýningu í Háskólanum á Akureyri.



Í febrúar gerðum við könnun sem við leggjum fyrir árlega. Þar kemur fram að foreldrar eru ánægðir og mjög ánægðir með þetta námsfyrirkomulag. Þeir telja framgang smiðjunnar skila því sem stefnt er að, þeim finnst þetta fyrirkomulag góða leið til að tengja bóknám verknámi, mikilvæga vegna fjölbreyttra kennsluhátta og gefa börnunum innihaldsríkt nám og reynslu. Það er ekkert foreldri, hvorki barna á grunnskóla- né leikskólaaldri sem segir þetta vera leikaraskap, henta barninu sínu illa eða að áreitið og aðferðin hafi truflandi eða kvíðaáhrif á barnið.



Foreldrum finnst jafnframt að smiðjuvinna veki meiri áhuga á þemaefninu og námsefninu heldur en hefðbundnar námsleiðir. Á heimilum er smiðjulífið skeggrætt og krufið.

Sjá nánar á www.dalskoli.is undir mat á skólastarfi

Að loknu þessu þróunarári er okkur ljóst að það brautargengi sem þróunarstyrkur er hleypir öflugu lífi í starfið, styrkir ásetninginn og heldur manni við efnið.

Nokkrar myndir úr smiðjunni LÆSI Í DALNUM



Eldri börn lesa fyrir yngri börn



Stafasúpuleikur



Leiksýning



Úr mörgu að velja



Sagnapútur í Dalskóla



Að hugsa sér að það eigi eftir að prenta Grímsævintýri á allan þennan pappír!



Ræningjakistan opnuð



Bókagerð á frumstigi



Bókagerðarmaður



Skjaldamerki



Rogast heim með koffortið




Grímsævintýrið góða



Margt býr í bókunum



Rithöfundar lesa og bollaleggja



Stafavinna



Upplstur rithöfundar

Rekstrarreikningur

Dalskóli fékk úthlutað 800.000 þúsund króna styrk.

Hann var greiddur út í tvennu lagi og var fyrri hlutinn greiddur þann 1. október 2012 að upphæð 480.000 krónur.

Seinni hlutinn verður greiddur við framlagningu þessarar greinargerðar að upphæð 320.000 krónur

Gjöld

Leið til læsis – námskeið	25.500
Skáld í skólum	20.000
Rithöfundur í heimsókn	18.000
Hvítlist - bókkband	3.779
Spilavinir	16.859
Spilavinir	14.868
Fundargjöld v. starfsd.	38.830
Fundargjöld ávaxtabakki	8.300
Verkl. kennsluefni	75.469
Bókakaup	73.236
Bókakaup	58.717
Pals námskeið	4.800
Hljóðalestur – námsefni	20.100
Lestrarbók	2.000
Lærum og leikum m hljóðin	15.150
Sögustund - leikskóla	15.000
Sögustund – grunnskóla	10.000
Yfirvinna	171.267

Samtals: 591.875

Útistandandi fé verður nýtt í yfirvinnu og bókakaup.

Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri Dalskóla



DALSKÓLI ÞAKKAR FYRIR SIG

